

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 21. apríl 2006

Umsögn Eddu útgáfu hf. um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál.


Edda útgáfa lýsir yfir ánægju sinni með þá ákvörðun að Landmælingar Íslands hverfi af samkeppnismarkaði er varðar útgáfu landakorta.

Samkvæmt 7. grein laganna verður Landmælingum Íslands hins vegar áfram heimilt að taka gjald fyrir sölu á afnotarétti af efni í vörslu stofnunarinnar. Hér er um svokölluð birtingarleyfisgjöld að ræða, sem mikið hafa verið gagnrýnd af samkeppnisaðilum stofnunarinnar, gjaldtaka þar sem stofnunin hefur sett leikreglurnar, ákveðið upphæðir og ákvarðað einhliða hve mikið af hennar gögnum hefur birst í útgáfum annarra.

Edda útgáfa óttast að ákvæði 7. greinarinnar, sem heimilar Landmælingum Íslands að innheimta afnotagjald af öllu því efni sem stofnuninni hefur áskotnast, verði áfram dragbítur á alla framþróun í þessum málaflokki, líkt og hún hefur verið hingað til. Opinber grunnöggn eiga að vera almannaæign (public domain) líkt og víða tíðkast erlendis, þar sem ekki er innheimt meira en hreinum grunnkostnaði við afgreiðslu gagnanna nemur. Þykir Eddu útgáfu eðlilegt að íslenska ríkið skipi sér á bekk með þeim sem fremstir fara á þessum vettvangi.

Eddu útgáfu finnst sjálfsagt og eðlilegt að uppruna gagna sé getið, en telur engan veginn ásættanlegt að Landmælingar Íslands hafi áfram sjálfðæmi um það hvernig þær meta hlutdeild sína í útgefnum kortum annarra fyrirtækja. Ef að tilgangurinn með þessum nýju lögum er að skapa frið um starfsemi stofnunarinnar þarf þetta ákvæði í 7. grein að breytast.

Virðingarfyllst,
fh. Eddu-útgáfu hf.


Sigurður Svavarsson
útgáfustjóri


Örn Sigurðsson
deildarstjóri kortadeildar

Alþingi
Erindi nr. P 132/1908
komudagur 27.4.2006

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is


Akureyri 27. apríl 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál, heildarlög. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1793
komudagur 25.4.2006



Alþingi
Umhverfisnefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

FASTEIGNAMAT RÍKISINS


Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • ☎ 515 5300
Fax 515 5310 • fmr@fmr.is • www.fmr.is

Reykjavík, 19. apríl 2006
Tilvísun: 06040348/04.10/KK

Efni: Umsögn um frumvarp um landmælingar og grunnkortagerð

Fasteignamati ríkisins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð, þingskjal 978, 668 mál. Forstjóri Fasteignamats ríkisins sat í nefndinni sem samdi frumvarpið. Engar athugasemdir eru gerðar við efni þess.

F.h. Fasteignamats ríkisins



Haukur Ingibergsson
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 132/2081
komudagur 4.5. 2006



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 27.4.2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um landmælingar

Fyrirhugaðar breytingar á Landmælingum Íslands hafa nú þegar valdið umróti meðal starfsmanna Landmælinga og hefur rúmlega 20% starfsmannahópsins látið af störfum á síðasta ári. Vegna þessa telur Félag Íslenskra náttúrufræðinga að umræddar breytingar eigi ekki að leiða til uppsagna núverandi starfsmanna.

Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu gagnagrunns og mikilvægt er að tryggja að stofnunin hafi fjármagn til að standa faglega að uppbyggingu grunnsins og að breytingamar komi ekki frekar niður á faglegri færni innan stofnunarinnar en orðið er.

Með kveðju


Ina Björg Hjálmarsdóttir
formaður Félags Íslenskra náttúrufræðinga

AlþingiAlþingi
Umhverfisnefnd Alþingis
150 Reykjavík**Erindi nr. P 132/1734**
komudagur 24.4.2006 Reykjavík 21. apríl 2006**Má: Umsögn verkfræðistofunnar Hnits hf. um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál, heildarlög.****Samantekt umsagnar.**

1. Frumvarpið er ákveðið skref til þess að skerpa á hlutverki hins opinbera á sviði landmælinga og grunnkortagerðar. Þó mætti lagfæra og útfæra skilgreiningar og orðskýringar frumvarpsins mun betur.

2. Frumvarpið tekur engan veginn á því hvernig móta eigi stefnu í grunnkortagerð á Íslandi né afla fjármagns til hennar. Mikilvægt er að taka á þessu máli t.d. með því að setja í lög ákvæði um skyldur stofnunnar til þess að móta langtímastefnu í grunnkortagerð, sem yrði endurskoðuð á ákveðnu árabili, t.d. fjögurra ára fresti. Þannig væri mögulegt að Alþingi fjallaði um þessa áætlun og þar með væri skapaður farvegur fyrir nauðsynlegar fjárveitingar til grunnkortagerðarinnar, ekki ósvipað og gildir um vegaáætlun, svo dæmi sé tekið, því ljóst er, að reglulegar fjárveitingar til Landmælinga Íslands duga engan veginn til að fjármagna grunnkortagerð af landinu.


Þetta á ekki síst við um kort í smærri mælikvörðum en mælikvarðanum 1:50.000 þ.e. kort í mkv. 1:100.000, fjórðungskortin í mkv. 1: 250.000, kort í mkv. 1:500.000, 1: 750.000 og 1: 1000.000. Allt eru þetta bráðnauðsynleg kort sem hafa verið til meðal þjóðarinnar óralengi og m.a. verið notuð til kennslu í skólum landsins. Þessi kort eru einnig mjög mikilvæg fyrir björgunarsveitir, lögreglu og aðra viðbragðsaðila, þegar vá ber að höndum. Mikil hætta er á að sum þessara korta leggist af þar sem ekki er fyrirsjáanlegt að einkaaðilar geti látið útgáfu þeirra standa undir sér.

3. Mat á kostnaði vegna tekjumissis sértekna er líklega allt of lágt. Gera má ráð fyrir að bæta þurfi stofnuninni tapaðar sértekjur fyrir mun hærri upphæð en 6 milljónir á ári.

4. Ekkert er fjallað um það í frumvarpinu hvað er að gerast á vettvangi Evrópusambandsins samanber INSPIRE tilskipunina. Því þarf að svara í greinargerð a.m.k. hvaða hlutverk LMÍ eiga að hafa í því verkefni (sjá heimasíðu LÍSU samtakanna).

5. Tryggja þarf stofnuninni eðlilega heimild til þess að vinna með einkaaðilum að þeim verkefnum sem henni er ætlað að sinna hverju sinni. Þar þarf að gera ákveðnar kröfur um vönduð vinnubrögð verktaka sem byggja á alþjóðlegum ISO stöðlum.

F.h. verkfræðistofunnar Hnits hf.


Guðmundur Björnson framkvæmdastjóri

24. apríl 2006

Alþingi, Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Landbúnaðarháskóla Íslands um frumvarp til laga:
um landmælingar og grunnkortagerð (þskj. 978 – 668 mál)

Hjálögð er umsögn Landbúnaðarháskóla Íslands um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð.

Virðingarfyllst;



Ólafur Arnalds
deildarforseti umhverfiseildar

Afrit: Ágúst Sigurðsson, rektor.

Umsögn Landbúnaðarháskóla Íslands um frumvarp til laga:
„um landmælingar og grunnkortagerð“ (þskj. 978 – 668 mál)

Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð. Við skólann fer fram viðamikil starf á sviði landupplýsinga og korta, m.a. verkefnið Nyttjaland – Jarðabók Íslands. Lög um landupplýsingar varða Landbúnaðarháskóla Íslands miklu, sem og margar aðrar ríkisstofnanir. LbhÍ vill að þessu tilefni gera athugasemdir við frumvarpið, sem bæði eru almenns eðlis og sértækar við einstaka efnisþætti þess.

Um margt felur frumvarpið í sér umbætur. Landmælingar Íslands er mikilvæg stofnun sem tryggir tilvist nauðsynlegra grunnupplýsinga um landið, sinnir faglegu starfi og þróun, og miðlun til annarra. Skýra þarf hlutverk og umsvif LMÍ, og taka þarf tillit til hagsmuna einkaaðila á markaði til lengri tíma. En það er einnig mikilvægt hafa í huga hagsmuni ríkisstofnana og sveitarfélaga, og ekki síst almennra notenda landfræðilegra gagna. Þannig verður einnig að fyrirbyggja að einkaaðilar geti orðið ráðandi á markaði með eignarhaldi á gögnum sem almenn þörf er fyrir í þjóðfélaginu.

Öflun grunnagna, miðlun til annarra og síðan notkun þeirra eru þrjú aðskildir þættir sem mætti sjást meiri stað í frumvarpinu. Enda þótt einkaaðilar geti hæglega gert öflun grunnagna hagkvæmari og geti einnig hagnýtt sér gögn í ábataskyni í forni virðisaukandi starfsemi, þarf miðlun skilgreindra grunnagna að vera frjáls, óheft og án gjaldtöku (á ensku nefnt „Public Domain“). Þessi hugsun getur tryggt hagsmuni LMÍ, notenda, sem og einkaaðila á markaði - og er um leið kjarninn í ábendingum LbhÍ, sem skýrðar eru frekar hér að neðan.

Um markið laganna.

Markmið í frumvarpinu ná ekki yfir nokkra lykilþætti sem æskilegt er að taka á.

a. Mikilvægt er að upplýsingar séu öllum aðgengilegar. Það er ekki nóg að upplýsingar séu til, þær verða að vera aðgengilegar.

b. Samræmingarhlutverk. Hlutverk LMÍ sem stofnunar á einnig að vera að gæta samræmingar og vera staður sem tekur við öllum upplýsingum og miðlar þeim greiðlega aftur til hvers kyns notenda. Ekki er að sjá af 1. og 4. gr. að LMÍ hafi hlutverk sem samræmingaraðili og geti haft þar frumkvæði, en þar hefur LMÍ oft gengt lykilhlutverki fyrir hönd ríkisstofnanna sem nota landupplýsingagögn. Á þessu sviði hefur LMÍ haft m.a. það hlutverk að tryggja að stofnanir ríkisins þurfi ekki að margkaupa sömu gögn, m.a. gervihnattamyndir.

c. Landupplýsingar. Andi laganna er að sumu leiti gamaldags. Áður fyrr fóru menn um og mældu landið með þríhyrningarmælingum o.fl., þ.e. það fóru fram *landmælingar* Nú er tækni önnur og oft mun hraðvirkari og ódýrari (myndir, GPS o.s.frv.). *Kort* eru afleidd gögn, þar sem stillt er saman margvíslegum upplýsingum. Grunnur sem aðrar upplýsingar eru lagðar ofan á geta verið af margvíslegu tagi, þar gildir ekki einhver einn



altækur grunnur. Það sem mestu skiptir er hvernig *landupplýsingarnar* eru nýttar og miðlað til annarra, þjóðinni til hagsbóta. Hver er ábyrgur fyrir að safna og miðla almennum landupplýsingum í landinu? Vitaskuld ætti það að vera ljóst af þessum lögum og seinni greinar gera LMÍ að hluta ábyrga fyrir því, en það ætti vera eitt af meginmarkiðum þessara laga að varpa skýru ljósi á þetta hlutverk. Frumvarpið nú er hálf í hvoru á milli tveggja vita: gömlu landmælinganna (sbr. heiti frumvarps) og nútímatækninnar, þar sem landupplýsingar eru veigameiri þáttur en sjálf landmælingin.

Um aðgengi að gögnum o.fl.

Það er lykilatriði að öll gögn LMÍ verði almannaeygn og öllum aðgengileg án sérstaks leyfis eða greiðslu (á ensku nefnt „Public Domain“ gögn). Landbúnaðarháskóli Íslands leggur mikla áherslu á að allar upplýsingar ríkisins og stofnana þess séu *almannaeygn og opin öllum til notkunar án sérstakrar heimildar eða greiðslu*. Við teljum rétt að sérstök stofnun (LMÍ) tryggji að nauðsynlegar landupplýsingar séu fyrirbyggjandi á hverjum tíma, en sú stofnun *eigi ekki að afla sértekna til reksturs með sölu á gögnum*, því þá er hún komin í samkeppnisumhverfi með upplýsingar sem allir ættu að eiga jafnan aðgang að. Um leið fer sú stofnun að verka verulega hamlandi á þróun landupplýsingamála á Íslandi. Þess hefur gætt áður í starfi stofnunarinnar (sala og krafa um gjald hamlar notkun).

Áhersla á 1:50 000 grunn

LbhÍ telur rangt að nefna ákveðinn mælikvarða í lögunum (4.gr.).

Mælikvarðinn 1:50 000 verður að teljast mjög ónákvæmur mælikvarði og ekki fullnægjandi fyrir margvísleg störf ríkistofnana og sveitarfélaga, sem þurfa vera aðgengileg á grunni almennæignar. Mun nákvæmari myndgrunnur er til að mestum hluta landsins sem er almannaeygn. Þar má meðal annars nefna SPOT gervitunglamyndir af stærsta hluta landsins (aflað í breiðu samstarfi ríkisstofnana með LMÍ í forystu).

Að binda slíka tölu (1:50 000) í lögum er enn fremur að okkar mati afar skammsýnt, því landupplýsingatækni fleygir hratt fram og þessi tala verður fullkomlega úrelt eða annarra merkingar í faglegu tilliti innan nokkurra ára. Mælikvarðar eru breytilegir eftir tilgangi hverju sinni, markmið í þeim efnum fara fyrst og fremst eftir þörfum og þróun tækni. Talan getur orðið eins konar hengingaról um starf LMÍ og þar með einnig framfara í störfum stofnana í almannaeygu sem þurfa landupplýsingar. Lagabreytingar yrði þörf fljótlega, en yfirleitt er talið að góð lög skulu þannig úr garði gerð að þau standi lengi.

Í greinargerð er talað um núning við hinn frjálsa markað sem ástæðu fyrir 1:50 000 skilgreiningunni. Í þessu felst rökvilla. Eitt er að afla gagna í grunninn og það mætti gera í frjálsri samkeppni meðal aðila sem afla gagna, þannig að hagkvæmustu lausna sé leitað hverju sinni. En grunnur gagnanna sem almenningur hefur frjálsan aðgang að verður að vera betri en þetta, og felur oft en ekki í sér hnitsettar línur (t.d. vegi) en ekki kort í ákveðnum mælikvarða. Gæta verður þess að fórna ekki hagsmunum fjöldans, ríkis og sveitarfélaga fórnað, sem og þeirra fyrirtækja sem kunna að vera stofnuð á sviði upplýsingamiðlunar, fyrir afar illa skilgreinda hagsmuni, hugsanlega fárra, eða af óljósum ástæðum. Þetta gæti enn fremur leitt til yfirburðastöðu eins fyrirtækis á markaði og þar með fákeppni. Það mun og leiða til að ríkisstofnanir verða að margkaupa sömu gögnin



eða vinna upp sömu gögn með hagkvæmum hætti, þótt þau séu til annars staðar. Líklega verður gagna aflað erlendis í auknum mæli af hverri stofnun eða aðila fyrir sig verði þetta raunin.

Hin frjálsa samkeppni á ekki síst við um notkun gagnanna sem öllum er frjáls, gerð hvers kyns korta, rannsókna o.s.frv. Þar eru Íslendingar að mörgu leiti á upphafsreit, en mikilvægt er að hafa hagsmuni framtíðarinnar að leiðarljósi að þessu leiti. Grunn gögn eru að mestu frjáls í Bandaríkjunum, virðisaukin verður við notkun gagnanna, ekki við öflun slíkra almennra gagna eins og vega, hæðarlína o.s.frv. Evrópuríki stefna í auknum mæli í þetta horf, enda sýnir reynslan að þetta er farsælli leið sú sem farin hefur verið. Samantekið: Gagna ber að afla á sem hagkvæmastan hátt, m.a. með samkeppni, gögn eru síðan frjáls öllum til hvers kyns notkunar og virðisauka (m.a. samkeppni).

4. gr. Verkefni og gögn.

Örnefni

Fátt er meira táknrænt um eðli lands og þjóðar en örnefni. Þau þarf að skrá: heitið sjálft og staðsetningu, varðveita, en miðla síðan frjállega. Þannig tryggir þjóðin tilvist örnefna. Ekki með heftandi aðgerðum. Slíkar upplýsingar eiga vitaskuld að vera öllum opnar, almannaæign. Um leið eykst þáttur almennings við viðhald þessara gagna. Það sýnir m.a. reynsla af verkefnum Nyttjaland (www.nyttjaland.is), þar sem landeigendur eru afar duglegir við að koma með ábendingar og leiðréttingar á mörkum bújarða eftir að upplýsingarnar fóru á netið. Við teljum að sé brýnt að sé tekið mun fastari tókum á skráningu og miðlun örnefna í landinu, og jafnframt að þau gögn séu almannaæign í sem bestri upplausn (hnit óháð mælikvarða, gott dæmi um markleysu 1:50 000 hugtaksins).

Önnur gögn

Flest þau gögn sem nefnd eru þurfa að mati skólans að liggja fyrir sem almannaæign í ríkisþágu, fyrirtæki og almenning, til notkunar án endurgjalds eða sérstaks leyfis. Þar má nefna þekjur með vegum, hæðarlínum, vötnum, byggð, örnefni, náttúrufar o.fl. Þetta má kalla kort, en eru í raun stafrænar þekjur í stafrænum landupplýsingakerfum (GIS). Hvers kyns kort má síðan alltaf prenta út eftir þörfum.

5. gr. Höfundaréttur

Áður fyrr fór nokkur kraftur LMÍ að gæta höfundaréttar og taka gjald fyrir notkun á gögnum sem danskir herforingjar öfluðu fyrir margt löngu. Það hafði afar hamlandi áhrif á notkun þeirra, m.a. á sviði útivistar og ferðamennsku (sjá umsögn um 7. lið). Aðalatriðið er að gögn séu notuð, um höfundarétt gilda almennt höfundalög. Þessi grein er óþörf og gæti reynst til trafala fyrir almenn og sjálfsögð not í ljósi reynslu.

6. gr. Miðlun upplýsinga og afnotaréttur

Niðurlag þessarar greinar, þar sem fyrir kemur orðalagið “áreiðnaleiki upplýsinga sé tryggður” er óskýrt, og gæti valdið núningi og misskilningi. Hvernig er þetta orðalag túlkað fyrir dómi?



7. gr. Fjármögnun

Landbúnaðarháskóli Íslands gerir alvarlega athugasemd við þennan lið. Upplýsingar sem notaðar eru í þágu almennings, t.d. við gerð korta í ferðabækur, eru nú oftlega ekki nægjanlega góðar, vegna þess að hlutaðeigandi aðilar (ferðafélög o.fl.) hafa ekki bolmagn til að nýta þær til fullnustu. Það er of dýrt, of mikil gjaldtaka. Ef slíkir aðilar nota ekki upplýsingarnar, til hvers eru þær þá? LMÍ hefur nú sýnt rannsóknaraðilum mikinn skilning, en slíkur skilningur er ekki trygging um sanngjarna notkun til framtíðar. Samkvæmt þessu frumvarpi gæti gjaldtaka hamlað notkun upplýsinga í rannsóknaskyni og í menntageiranum. Þar eiga ekki að vera neinar hindranir í vegi.

Á það er lögð höfuð áhersla að hálfu LbhÍ, að skólinn telur að gögn LMÍ eigi að vera almanna eign, litlar hömlur eiga að gilda um notkun þeirra (umfram sanngjarn umsýslugjald, sbr. niðurlag greinarinnar), og án gjaldtöku. 1. liður 7 gr. er þess eðlis að hann getur hæglega haldið LMÍ í viðjum gjaldtöku á því sem þjóðin á. Áframhaldandi gjaldtöku á verkum annarra, svo sem danska herforingjaráðsins og öðrum erlendum gögnum sem þjóðin hefur eignast, að ekki sé talað um þau verk sem þjóðin hefur kostað sjálf. Það er grundvallaratriði að fella út þennan 1.lið og að 2. liðurinn endurspegli klárlega að gjaldtaka sé eingöngu vegna þjónustu við afgreiðslu gagnanna, en ekki greiðsla fyrir gögnin sjálf.

Að lokum

Landbúnaðarháskóli Íslands telur að röng stefna varðandi aðgengi og gjaldtöku af gögnum hafi verkað afar hamlandi á þróun kortagerðar og upplýsingatækni í landinu. Landbúnaðarháskóli Íslands telur það brýnast að meginþema lagasetningar um kort og landmælingar sé að ríkisstofnanir og aðrar „non profit“ stofnanir og félagasamtök, þ.a.m. menntageirinn og sveitarfélög, hafi tryggan, frjálsan og óheftan aðgang að góðum gögnum um landið (þekjur, kort, gervihnattamyndir). Mælikvarði (1:50 000) sem tiltekinn er í frumvarpinu er tímaskekkja og ætti alls ekki að bindast í lög.





Alþingi
Umhverfisstofnun Alþingis
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 132/1661.
komudagur 14.4.2006

Akranesi 19. apríl 2006
Tilvísun: L06010005/022.1/MG/--

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð, 668 mál,
heildarlög**

Frumvarp það sem hér um ræðir er mikilvægt skref til að skerpa á hlutverki og lagaumhverfi Landmælinga Íslands í takt við ýmsar tæknilegar og rekstrarlegar breytingar í samfélaginu. Landmælingar Íslands eru stofnun með 50 ára sögu sem hefur sífellt tekið breytingum í takt við breyttar ytri aðstæður. Stærstu verkefni stofnunarinnar fram til þessa hafa mörg tengst samstarfi við erlendar þjóðir um kortagerð Íslands, s.s. dönsku kortastofnunina og bandarísku herkortastofnunina. Enn er byggt að ýmsu leiti á þessum gögnum, en endurnýjunar er þörf og framundan eru ný verkefni og stórauðnar kröfur.


Ef litið er til reynslu nágrannaþjóða okkar eykst mikilvægi landfræðilegra upplýsinga sífellt og fleiri þættir í daglegu lífi eru háðir einhverskonar tækni eða gögnum sem hafa staðsetningu. Mikilvægi þess að hafa traustar korta- og fasteignastofnanir er óumdeilt um allan heim en áherslan hefur í auknu mæli færst yfir á að slíkar stofnanir eru leiðandi í stefnumótun, staðlamálum og í að tryggja kortagögn um umhverfið og gögn sem nýtast við að tryggja öryggi borgaranna. Í skýrslu sem unnin var fyrir fjármálaráðherra fyrir nokkru voru Landmælingar Íslands skilgreindar sem grunnstofnun varðandi þróun upplýsingasamfélagsins.

Mikilvægt er að hafa í huga að ávinningur af þeirri fjárfestingu sem fellst í góðum kortum og landfræðilegum gögnum næst oft ekki á fyrsta stigi með beinni sölu, hann kemur hinsvegar fram víða í samfélaginu t.d. í auknu öryggi landsmanna og betri þjónustu á ýmsum sviðum. Því er mikilvægt að þau gögn sem samfélagið fjárfestir í fyrir opinbert fé séu aðgengileg sem flestum er á þurfa að halda og þá skiptir engu hvort einkaaðilar eða ríki vinni að því að afla gagnanna.

Landmælingar Íslands vilja koma með eftirfarandi ábendingar vegna frumvarpsins:

1. Of lágt kostnaðarmat. Það er álit Landmælinga Íslands að mat á kostnaði við frumvarpið sé allt of lágt. Rök fyrir þessu eru eftirfarandi:

- Landmælingar Íslands hafa átt mjög undir högg að sækja í sölustarfsemi sinni vegna einkafyrirtækja sem sífellt kvarta yfir vinsælum vörum og þjónustu sem stofnunin hefur boðið upp á síðustu árin. Vegna þessa hefur ítrekað verið óskað eftir því við fjárlagagerð undanfarin ár að sértekkjukrafa verði lækkuð en án árangurs. Þessi beiðni er hér með




ítrekuð.


- Sértekjukrafa í fjárlögum 2005 vegna Landmælinga Íslands voru um 56,4 milljónir kr. en niðurstaðan varð 44 milljónir kr. vegna sölu á vörum og þjónustu. Augljóst er að krafan er langt umfram eðlilega getu stofnunarinnar til að afla sértekna.
- Í frumvarpi um landmælingar og grunnkortagerð er gert ráð fyrir að samkeppnisrekstur stofnunarinnar verði boðinn út til einkaaðila. Við það munu tekjur falla niður sem nemur um 20 milljónum á ári. Sé miðað við sölutekjur árið 2005 standa þá eftir 24 milljónir í sölutekjur samkvæmt fjárlögum.
- Kostnaður mun minnka vegna minni sölustarfsemi en alls ekki í beinu hlutfalli við lækkun tekna því kostnaður á hverja selda einingu hækkar verulega, samlegðaráhrif minnka og forsendur fyrir sölunni kunna hreinlega að bregðast algerlega vegna mjög lítillar veltu.
- Með framangreindum rökum er það mat Landmælinga Íslands að kostnaður við frumvarpið sé að minnsta kosti 20 milljónir en ekki 6 milljónir eins og kemur fram í kostnaðarmati sem því fylgir. Mikilvægt er að þetta sé leiðrétt til að koma í veg fyrir frekari niðurskurð á starfsemi stofnunarinnar á Akranesi. Reksturinn hefur þegar verið dreginn saman um allt að 5 stöðugildi síðustu tvö árin vegna minnkandi sértekna

Meðfylgjandi er tafla og línurit þar sem sjá má hvernig sértekjukrafa í fjárlögum hefur þróast í samanburði við raunverulegar sölutekjur Landmælinga Íslands undanfarin ár.

SAMANBURÐUR Á SÉRTEKJUKRÖFU OG RAUNTEKJUM 2000-2005.

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Sértekjukrafa	46.500.000	48.100.000	51.900.000	53.000.000	54.600.000	56.400.000
Sértekjur	44.220.248	51.982.463	57.732.902	52.389.897	44.396.977	44.723.461





2. Átak í öflun nýrra kortagana.

Það er mat Landmælinga Íslands að gera þurfi sérstakt átak í að afla nýrra kortagagna af Íslandi vegna þess að ýmis gögn sem nú eru í notkun eru gömul eða búa ekki yfir þeirri nákvæmni sem á þarf að halda. Árleg framlög til Landmælinga Íslands duga alls ekki vegna þessa og er talin þörf á sérstöku tímabundnu framlagi vegna þessa allt að 500-700 milljónum (hæðarlíkan og mannvirki o.fl.).

Til þess að taka á þessu máli er lagt til að sett sé sérstakt ákvæði í hin nýju lög sem kveða á um að gerð sé langtímaáætlun um grunnkortagerð og grunnmælingar á Íslands. Sú áætlun sé lögð fyrir Alþingi með svipuðum hætti og t.d. vegaáætlun þar sem tekin er afstaða til grunnkostnaðar og grunnþarfa samfélagsins varðandi kortamál á fjölmörgum fagsviðum s.s varðandi umhverfismál, orkuöflun, öryggis- og björgunarmál, samgöngumál, flugöryggi o.fl.

3. INSPIRE tilskipunin.

Nú er til umfjöllunar í Evrópuþinginu tilskipun sem nefnist INSPIRE. Lykilmarkmið INSPIRE er að frekari og betri landfræðilegar upplýsingar verði aðgengilegar og beinist áhersla aðallega að upplýsingum sem þurfa að vera fyrir hendi til að fylgjast með og bæta ástand umhverfisins. INSPIRE er ætlað að gera staðbundin gögn aðgengilegri og gagnvirkari fyrir fleiri aðila útrýma hindrunun sem koma í veg fyrir að staðbundin gögn séu nýtt. Þó að tilskipunin hafi enn ekki verið tekin til formlegrar umfjöllunar hér á landi er mjög líklegt að hún muni hafa mikil áhrif á verðlagningu, aðgengi og miðlun landfræðilegra gagna hér á landi og því er mikilvægt að þeir sem fjalla um þessi lög kynni sér efni hennar. Meðfylgjandi er til fróðleiks fyrir umhverfisnefnd Alþingis íslensk þýðing tillögu að tilskipun um INSPIRE sem nú er fjallað um í Evrópuþinginu.

4. Frumvarp um landeignaskrá.

Landmælingar Íslands vilja koma á framfæri að á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis er í vinnslu frumvarp um landeignaskrá. Markmið þess frumvarps er að leitast við að tryggja landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum einhlíta, lögformlega skráningu eignamarka lands með samræmdum reglum og kröfum til mælinga, skráningar og birtingar upplýsinga um landamerki og lóðamörk.

Samkvæmt drögum að frumvarpinu munu Landmælingar Íslands hafa það hlutverk að afla, samræma og láta í té kortagrunn af öllu Íslandi sem verði hluti landeignaskrár. Auk þess mun stofnunin hafa það hlutverk að koma á laggirnar nýrri stétt hér á landi, ”landmælingamönnum”, sem munu fá réttindi til að mæla og afmarka lóðir og lönd.

Mikilvægt er að umhverfisnefnd viti af framangreindu frumvarpi sem mun líklega kalla á enn eina endurskoðun laga um landmælingar og grunnkortagerð innan tíðar.

Besta kveðjur

Magnús Guðmundsson

forstjóri Landmælinga Íslands

Hjálágt:

Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins um að koma á innra skipulagi (infrastructure) í tengslum við landfræðilega upplýsingar (spatial information) í Evrópusambandinu (INSPIRE)

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGSINS

Brussels, 23.7.2004
COM(2004) 516 final
2004/0175 (COD)

Tillaga að

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG
EVRÓPURÁÐSINS**

um að koma á innra skipulagi (infrastructure) í tengslum við landfræðilegar upplýsingar (Spatial information) í Evrópusambandinu (INSPIRE)

{SEC(2004) 980}

(kynnt af Framkvæmdastjórn)

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

sá að búa til, framkvæma, fylgjast með og meta stefnu Evrópubandalagsins á öllum stigum og veita almenningi upplýsingar.

Lykilmarkmið INSPIRE er að frekari og betri landfræðilegar upplýsingar verði aðgengilegar til stefnumörkunar í Evrópubandalagsinu og til framkvæmdar á stefnu þess hjá aðildarríkjunum á öllum stigum. INSPIRE beinist sérstaklega að umhverfisstefnu en er opin öðrum sviðum nú og síðar s.s. landbúnaði, samgöngum og orkugeira.

Tillagan beinist sérstaklega að upplýsingum sem þurfa að vera fyrir hendi til að fylgjast með og bæta ástand umhverfisins, og eru þar með taldir þættir vatns, jarðvegs og náttúrulegs landslags. Margar þessar upplýsingar þarf að styrkja með “margþátta” staðbundnum gögnum. Í innra skipulagi (infrastructure) fyrir landfræðilegar upplýsingar þurfa ekki öll þemu landfræðilegra upplýsinga að undirgangast samskonar samræmingu. Ekki er heldur hægt að færa þau öll með sama hraða inn í innra skipulagið (infrastructure). Þessi tilskipun hefur því þrjá aðskilda viðauka og vísa þeir allir til staðbundinna gagna sem margskonar umhverfisstefnusvið kalla eftir. Mismunandi dagsetningar eiga við hvenær INSPIRE er hrint í framkvæmd og mismundandi miklar kröfur eru gerðar um samræmingu. Þetta fer eftir því hvort staðbundin gögn á að nota til staðsetningar viðmiðunar (geo-referencing) á öðrum staðbundnum gögnum, á því hvort þörf er á samræmdum staðbundnum gögnum í samhengi við sérhverja stefnu sem beint eða óbeint hefur áhrif á umhverfið og eftir því hve mikil samræming er þegar komin á innan Evrópubandalagsins. Það skal haft í huga að þemu landfræðilegra upplýsinga viðaukanna ákvarða einungis yfirgrip tilskipunarinnar og aðgerða þeirra sem vísað er til. Þau segja ekki til um hvernig landfræðilegar upplýsingar eigi að skipuleggja eða samræma.

INSPIRE mun ekki koma á yfirgripsmikilli áætlun um að safna saman nýjum staðbundnum gögnum hjá aðildarríkjunum. Þess í stað er INSPIRE ætlað að nýta sem best tækifæri til að nota gögn þau sem þegar eru fyrir hendi með því að láta skrá þau staðbundin gögn, taka í notkun þá þjónustu sem stefnir að því að gera staðbundin gögn aðgengilegri og gagnvirkari fyrir fleiri aðila og með því að fást við það sem kemur í veg fyrir að staðbundin gögn séu nýtt. INSPIRE mun auðvelda framsækna samræmingu á staðbundnum gögnum hjá aðildarríkjunum.

Þeim sem þessi tillaga mun helst gagnast verða því þeir sem fást við að **búa til, hrinda í framkvæmd, fylgjast með og meta stefnuna** í Evrópu, í hverju ríki og á hverjum stað. Hér er um að ræða opinber yfirvöld, þingmenn, almenna borgara og stofnanir þeirra. Þó er gert ráð fyrir að aðrir notendahópar geti einnig nýtt sér þetta, m.a. einkageirinn, háskólar, rannsókaráðilar og fjölmiðlar. Tillagan mun styðja við að mynda og framkvæma margskonar umhverfisstefnu og aðrar stefnur.

3. Þörfin á að Evrópubandalagið komi að þessu máli

Nákvæmar landfræðilegar upplýsingar sem stutt geta margskonar stefnu eru fyrir hendi í Evrópu. Reyndar er svo að kortlæggar upplýsingar eru notaðar í ýmskonar tæki og starfsemi í tengslum við skýrslugerð, greiningu, matsþætti og spár. Auk þessa hefur

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

Þó er það svo að frekari ráðstafanir þarf að gera til þess að fella saman staðbundin gögn úr mismunandi geirum og í tengslum við mismunandi aðstæður sem tengjast stefnumörkun og gera þau þannig afkastameiri. Þannig má færa sér í nyt alla möguleikana sem felast í staðbundnum upplýsingum. Því er það að INSPIRE tilskipunin á að styrkja þessi stjórnæki og hjálpa til við framkvæmd stefnunnar.

Einnig verður að taka tillit til þeirra lagaramma sem þegar eru komnir fram með tilliti til gagnaverndar og höfundaréttar.

5. Mat á auknum áhrifum

Í júnímánuði 2002 kynnti Framkvæmdastjórnin nýja samþætta aðferð við mat á áhrifum til þess að auka gæði og samhengi í stefnuþróunarferlinu.⁷ INSPIRE tillagan var á tillögulista vinnuáætlunarinnar 2003 sem Framkvæmdastjórnin ákvað að láta gera frekari athugun á áhrifum innleiðingar.⁸ Því er það að aukið mat á áhrifum hefur farið fram að því er varðar INSPIRE en þar komu fram sex stefnukostir.⁹

Fjármunir sem þarf vegna leiðarinnar sem valinn var – *skýr rammi sem studdur er af rammatilskipun Evrópusambandsins* – munu að mestu koma frá opinbera geiranum og talið er að þar verði um að ræða að meðaltali 3,6 – 5,4 milljónir evra á ári á hvert aðildarríki Evrópusambandsins (EU25). Þetta myndi einungis samsvara 1% af heildarútgjöldum fyrir landfræðilegar upplýsingar.

Meðal kosta sem þessu fylgdi væru atriði sem tengdust umhverfi, aukinn félagslegur ágóði og betri tækifæri fyrir einkageirann. Einungis umhverfiskostirnir hafa verið magnteknir. Meðalágóði á hverju ári fyrir hvert aðildarríki (EU25) nemur 27-42 milljónum evra. Þar sem vitað er að þessir þættir sýna aðeins hluta af heildarmyndinni, er niðurstaðan sú að kostirnir vega töluvert meira en fjármagnspörfin er.

6. Viðræður hagsmunaaðila um INSPIRE

6.1. Viðræðurnar á Internetinu

Tilgangurinn með Internet viðræðunum var sá að upplýsa hagsmunaaðila um INSPIRE frumkvæðið og fá fram skoðanir þeirra og athugasemdir varðandi ýmis lykilatriði sem fyrirhuguð rammatilskipun INSPIRE þurfti að ná yfir. Internet viðræðurnar fóru fram frá 29. mars til 6. júní 2003.

Alls voru það 185 stofnanir og einstaklingar frá aðildarríkjum Evrópusambandsins og samþykktum löndum sem brugðust við þessum viðræðum á Internetinu. Svör þeirra sýna athugasemdir frá meira en 1.000 stofnunum.

⁷ COM(2002) 276.

⁸ COM(2002) 590.

⁹ Commission staff working document “Extended impact assessment of INSPIRE”

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

sé réttlæt看leg í ljósi þeirra kosta sem fyrir hendi eru í tilteknu landi eða á tilteknu svæði eða tilteknum stað.

Umhverfisfyrirbæri eins og til dæmis árstíðafundin hreyfing dýrategunda, vindur og vatnsrennslí tengjast ekki landamærum ríkja. Auk þess er það svo að þrýstingur og áhrif á umhverfið (flóð, loft- og vatnsmengun o.s.frv.) halda sig oft ekki innan landamæra ríkja. Umhverfisstefna kallar því á að komið sé á fót umhverfisstjórnunareiningum sem ná yfir svæði í mörgum aðildarríkjum, svo sem vatnasvæði fljóta sem fjallað er um í Vatnsrammatilskipuninni.¹⁰ Skilvirk framkvæmd og skilvirkt eftirlit með slíkum ákvörðunum kallar eftir gagnvirkum staðbundnum upplýsingum sem takmarkast ekki við landamæri ríkja og kallar einnig eftir auðveldari aðgangi og notkun á þessum upplýsingum fyrir alla hagsmunaaðila. Framkomin tillaga að tilskipun mun hafa í för með sér samrýmanlega skráningu staðbundinna gagna og gæði gagna í öllu Evrópusambandinu, samrýmanlegri landfræðilegar upplýsingar á sama svæði og samþætta þjónustu svo að finna megi og nálgast þessar upplýsingar og reglur í öllu Evrópusambandinu sem snerta aðgang og það að menn skiptist á og noti upplýsingarnar. Án þessarar tilskipunar yrði það mjög erfitt fyrir aðildarríkin að gera þau kerfi sem þegar eru fyrir hendi gagnvirk, aðgönguhæf og nothæf í mörgum ríkjum í einu. Þetta leiddi til meiri endurtekningar og þess að gagnasöfnun yrði ekki eins skilvirk. Þetta myndi og tefja samningu, framkvæmdir, eftirlit og mat á ákvörðunum á lands- og Evrópugrunni, sem svo hefur beint eða óbeint áhrif á umhverfið.

Tillagan að tilskipuninni fer ekki fram úr því sem til þarf til þess að ná markmiðum sínum. Hún á að byggja á hinum ýmsu upplýsingakerfum sem til eru hjá aðildarríkjunum og hefur í sér þann heildarramma sem þau þurfa til að geta unnið betur saman en hvert fyrir sig og myndað hluta af Innra skipulagi (infrastructure) fyrir landfræðilegar upplýsingar í Evrópusambandinu. INSPIRE mun einnig byggja á þeim stofnunum sem þegar eru fyrir hendi og sem nýta sér og mynda staðbundin gögn og sem sjá einungis fyrir, að því er varðar skipulagsmál, heildar samhæfingu þeirri sem þarf til þess að innra skipulag (infrastructure)ð geti gengið á evrópsku sviði. Að því er varðar samræmingu mun INSPIRE einungis fást við þá þætti sem þarf til að ná fram yfirgrípsþætti samræmingar varðandi staðbundin gögn svo að þau séu fyrir hendi til að styðja stefnu Evrópubandalagsins. Þannig er það, til dæmis, að INSPIRE fer ekki fram á að aðildarríki breyti sniði á einstökum landfræðilegum gagnagrunnu sínum. Í stað þess er það svo að aðildarríki geta komið með notendaviðmót sem breytir misleitum gögnum á þann veg að hægt er að nota þau sem einsleit væru.

Fyrirliggjandi tillaga er í formi rammatilskipunar svo að aðildarríki fái nægjanlegt svigrúm til þess að tryggja það að nauðsynlegar leiðir að ætluðum markmiðum séu sniðnar að sérstökum aðstæðum þeirra. Framkvæmdareglur, tæknilegs og meira forskriftarlegs eðlis, á að taka upp með nefndarvinnunni. Þær þurfa að vera fyrir hendi til að tryggja það samhengi sem Innra skipulag (infrastructure) fyrir landfræðilegar upplýsingar í Evrópusambandinu þarf á að halda til að mæta markmiði því að styðja við stefnumál Evrópubandalagsins. Nefndarvinnan þessi tryggir einnig nægjanlegan sveigjanleika til þess að hægt sé að laga Innra skipulag (infrastructure) fyrir

¹⁰ OJ L 327, 22.12.2000, p. 1.

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

Margar athugasemdirnar tengjast þó framkvæmdaratriðum og til þeirra verður tekið tillit við framkvæmd á INSPIRE.

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

(2) Sjötta umhverfisaðgerðaáætlunin, sem Úrskurður No 1600/2002/EC frá Evrópuþinginu og Evrópuráðinu¹⁵ tók upp, þýðir það að gæta verður vel að því að tryggt sé að umhverfisstefnu Evrópubandalagsins sé fylgt eftir með samþættingu og að tekið sé tillit til mismunandi aðstæðna á hverju svæði og á hverjum stað. Þessi áætlun leggur enn fremur áherslu á að í Evrópu sé að finna frumkvæði sem stuðli að því að opinber yfirvöld og yfirvöld á hverjum stað séu sér meðvitandi um þetta og að vísindaleg þekking í tengslum við gögn og upplýsingar varðandi ástand og framvindu í umhverfismálum sé bætt. Einnig þarf að fylgja eftir eftirfarandi forgangsatríðum sem tengjast forvirku og eftirvirku mati á stefnumarkandi aðgerðum;

- a. þróun tengsla á milli umhverfisþátta og annarra þátta á sviði upplýsinga,
- b. þjálfunar, rannsókna, menntunar og stefnumörkunar, sem tryggja reglulegar upplýsingar til þess meðal annars að upplýsa almenning
- c. endurskoða og kanna reglulega upplýsinga- og skýrslukerfi.

Þessi áætlun gerir auk þess ráð fyrir því að eftirlit og gagnasöfnun sé virk í tengslum við síðari lagasetningu varðandi umhverfismál og að þróunarþættir eflist í sambandi við tæki og tól sem fylgjast með þróun umhverfisþátta og að aðildarríkin verði þannig studd í því að setja upp viðeigandi gagnasöfnunarkerfi. Töluverður vandi er fyrir hendi sem tengist aðgengi, gæðum, skipulagi og nálgun á staðbundnum upplýsingum sem nauðsynlegar er til þess að ná fram þeim markmiðum sem sett eru fram í Sjöttu umhverfisaðgerðaáætluninni.

(3) Vandamál sem tengjast aðgengi, gæðum, skipulagi og nálgun á staðbundnum upplýsingum eru algeng í sambandi við mikinn fjölda stefnu- og upplýsingaþema og á mörgum sviðum hjá opinberum yfirvöldum. Til þess að leysa þessi vandamál þarf að fást við þætti sem tengjast því að aðilar skiptist á, noti saman og geti nálgast og notað gagnvirk staðbundin gögn og staðbundinna gagnþjónustu á mörgum sviðum hjá opinberum yfirvöldum og frá mismunandi geirum. Innra skipulagi (infrastructure) fyrir landfræðilegar upplýsingar í Evrópusambandinu ætti því að koma á fót.

(4) Innra skipulag (infrastructure) fyrir landfræðilegar upplýsingar í Evrópusambandinu, sem einnig er nefnt INSPIRE, ætti að byggja á undirstöðum fyrir landfræðilegar upplýsingar sem aðildarríki koma á fót og sem samhæfast almennum reglum og með viðbættum þáttum frá Evrópusambandinu. Þessar aðgerðir ættu að tryggja að innra skipulag (infrastructure) fyrir landfræðilegar upplýsingar sem byggð eru upp af aðildarríkjum séu samhæfð og að hægt sé að nota þau hjá fleiri en einu ríki.

(5) Innra skipulag (infrastructure) fyrir landfræðilegar upplýsingar í aðildarríkjum ætti að vera þannig að það tryggi að staðbundin gögn séu geymd, séu aðgengileg og þeim haldið við á þann hátt sem best er; að það sé mögulegt að sameina staðbundin gögn á öruggan máta frá ýmsum stöðum í Evrópusambandinu og að ýmsir notendur og veitur nái að nota þau sameiginlega; að það sé mögulegt að ná í staðbundin gögn hjá tilteknum opinberum yfirvöldum og að deila þeim svo með öllum öðrum opinberum yfirvöldum; að staðbundin gögn séu ekki veitt við skilyrði sem leggja hömlur á víðtæka notkun þeirra; að hægt sé um vik að finna þau staðbundin gögn sem til eru, meta það hversu hæf þau eru til tiltekins verkefnis og að vita hvaða skilyrði fylgja notkun þeirra.

¹⁵ OJ L 242, 10.9.2002, p. 1.

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

kæmi hjá einstökum ríkjum eða á tilteknum svæðum. Þessi Tilskipun mun ekki einungis fylla frekar upp í slíkt frumkvæði með því að þar mun koma fram rammi sem verður til þess að gagnvirkni verður virk heldur mun einnig byggt á fyrirbyggjandi reynslu og frumkvæðisþáttum frekar en að um verði að ræði endurtekningu á vinnu sem þegar hefur farið fram.

(10) Þessi Tilskipun ætti að eiga við staðbundin gögn sem opinber yfirvöld hafa í sínum förum eða hafa yfir að ráða og eiga við staðbundin gögn sem opinber yfirvöld nota við opinber störf sín og framkvæmdir. Þetta ætti þó, að gefnum vissum skilyrðum, einnig að eiga við um staðbundin gögn sem lögaðilar aðrir en opinber yfirvöld hafa, að því tilskildu að þessir lögaðilar æski þess.

(11) Þessi Tilskipun ætti ekki að setja skilyrði varðandi það að safna gögnum um ástand umhverfismála eða að framkvæmdastjórnin fái slíkar upplýsingar, þar sem þeim málum er séð fyrir með öðrum lögum um umhverfismál.

(12) Framkvæmd öll varðandi innra skipulag (infrastructure) hvers ríkis ætti að vera framsækin og því ættu þau þemu landfræðilegra upplýsinga sem Tilskipun þessi nær til að fá ólíka forgangsröð. Framkvæmdin ætti að taka mið af því hve mikil þörf er á staðbundnum gögnum varðandi mismunandi nýtingu á ýmsum stefnusviðum, og af því hver forgangsröð á aðgerðum þarf að vera samkvæmt stefnu Evrópubandalagsins sem gerir ráð fyrir samræmdum staðbundnum gögnum, og af þeim framgangi sem samræmingaráttak hefur þegar leitt til hjá aðildarríkjunum.

(13) Tíma- og mannauðstap sem verður vegna þess að verið er að leita að staðbundnum gögnum sem þegar eru fyrir hendi eða vegna þess að verið er að athuga hvort megi nota þau við tilteknar aðstæður er helsta hindrunin á að fyrirbyggjandi gögn séu nýtt til fullnustu. Aðildarríki ættu því hafa tiltæka, á lýsigagnaformi, lýsingu á fyrirbyggjandi landfræðilegum gagnagrunnum og þjónustu.

(14) Þar eð margskonar snið og uppbygging á skipun og aðgengi staðbundinna gagna hjá Evrópusambandinu hindrar skilvirka gerð, framkvæmd, eftirlit og mat á lagasetningu Evrópubandalagsins, sem svo beint eða óbeint hefur áhrif á umhverfið, ættu að koma fram þær framkvæmdaaðgerðir sem gætu auðveldað notkun staðbundinna gagna frá ýmsum aðildarríkjum. Þessar aðgerðir ættu að vera þannig að staðbundinna gagnamengi séu gagnvirk og aðildarríki ættu að tryggja að öll gögn og upplýsingar sem þarf til að gagnvirkni geti orðið séu ekki takmörkuð á nokkurn hátt.

(15) Netþjónusta er nauðsynleg til þess að ýmis opinber yfirvöld í Evrópusambandinu geti sameiginlega nýtt sér staðbundin gögn. Þessi netþjónusta ætti að gera kleift að finna, breyta, skoða og hlaða niður staðbundnum gögnum og að kalla fram staðbundin gögn og nota rafeindavædda viðskiptaþjónustu. Netþjónustukerfi ættu að geta unnið í samræmi við almennt viðurkenndar forskriftir og lágmarks vinnsluforsendur til þess að tryggja gagnvirkni hjá grunnstoðum aðildarríkjanna. Netþjónustukerfi ættu einnig að fela í sér upphleðsluþjónustu þannig að opinber yfirvöld geti gert staðbundinna gögn sín og þjónustu aðgengilega.

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

(23) Til þess að nýta sér viðeigandi reynslu “Evrópskra stöðlunarsamtaka” er rétt að þær aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til þess að hrinda þessari Tilskipun í framkvæmd, geti stuðst við staðla sem teknir hafa verið upp af “Evrópskum stöðlunarsamtökum” í samræmi við þá leið sem kemur fram í Tilskipun 98/34/EC hjá Evrópuþinginu og –ráðinu frá 22. júní, 1998 þar sem kemur fram hvernig á að sjá fyrir upplýsingum á sviði tæknistaðla og reglugerða.²²

(24) Þar sem “Evrópska umhverfisstofnunin,” sem komið var á fót með “reglugerð” frá Evrópuráðinu númer 1210/90 frá 7. maí, 1990 um stofnun “Evrópsku umhverfisstofnunarinnar” og “the European Environment Information and Observation Network”,²³ hefur það hlutverk að veita Evrópusambandinu hlutlægar, áreiðanlegar og sambærilegar upplýsingar um umhverfið að því er snýr að Evrópusambandinu, og stefnir að því meðal annars að bæta flæði viðeigandi upplýsinga milli aðildarríkja og stofnana Evrópubandalagsins um umhverfið; ætti það að stuðla vel að framkvæmd þessarar Tilskipunar.

(25) Þetta er rammatilskipun og það þýðir að framkvæmd hennar kallar eftir frekari ákvörðunum sem taka mið af þróun m.t.t. stjórnmála, stofnana og skipulags og hröðum tækniframförum á sviði staðbundinna gagnagrunna og þjónustu. Nauðsynlegra aðgerða til að koma þessari Tilskipun í framkvæmd ætti því að grípa til í samræmi við Úrskurð Evrópuráðsins 1999/468/EC frá 28 júní, 1999 þar sem kveðið er á um leiðir varðandi það að nýta það vald sem Framkvæmdastjórn hefur.²⁴

(26) Undirbúningsvinna fyrir ákvarðanir vegna framkvæmda í tengslum við þessa Tilskipun og fyrir frekari þróun innra skipulags (infrastructure) varðandi landfræðilegar upplýsingar í Evrópusambandinu kallar eftir sífelldu eftirliti með framkvæmd Tilskipunarinnar og reglulegri skýrslugjöf.

(27) Markmiðum þessarar Tilskipunar, þ.e. að koma á innra skipulag (infrastructure) fyrir Landfræðilegar upplýsingar í Evrópusambandinu, er ekki hægt að ná nægjanlega vel hjá aðildarríkjunum vegna þátta sem ná yfir mörg ríkin og vegna almennrar þarfar innan Evrópubandalagsins að samhæfa aðgangsskilyrði varðandi landfræðilegar upplýsingar. Því er betur hægt að ná þeim á grunni Evrópubandalagsins sjálfs, og það getur gripið til aðgerða í samræmi við meginregluna um “Landsförgang” (subsidiarity) eins og kemur fram í Grein 5 í Samningnum. Í samræmi við meginregluna um “samhlutfellingu” (proportionality) eins og kemur fram í þeirri Grein, fer þessi Tilskipun ekki fram úr því sem nauðsynlegt er svo að ná megi þessum markmiðum.

HAFA TEKID UPP ÞESSA TILSKIPUN:

Kaflí 1

²² OJ L 204, 21.7.1998, p. 37.

²³ OJ L 120, 11.05.1990, p. 1. Regulation as last amended by Regulation (EC) No 1641/2003 of European Parliament and of the Council (OJ L 245, 29.9.2003, p. 1)

²⁴ OJ L 184, 17.7.1999, p. 23.

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

3. Að því er varðar staðbundin gagnamengi sem fylgja skilyrðum sem koma fram í atriði (c) í 1. málsgrein, en sem, í þessu tilliti, þriðji aðili á hugverkarétt á, má opinbera yfirvaldið einungis láta til sín taka að því er varðar þessa Tilskipun með samþykki þessa þriðja aðila.

4. Viðauka I, II og III má Framkvæmdastjórnin aðlaga í samræmi við það sem vísað er til í Grein 30(2) til þess að taka tillit til þarfa sem koma fram varðandi staðbundin gögn sem styðja

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

(4) “Þriðji aðili” merkir alla lögaðila aðrar en þegar um er að ræða opinbert yfirvald.

Grein 7

Aðildarríki skulu koma á fót og reka innra skipulag (infrastructure) fyrir landfræðilegar upplýsingar í samræmi við þessa Tilskipun.

Kafli II Lýsigögn

Grein 8

1. Aðildarríki skulu tryggja að lýsigögn séu búin til fyrir staðbundin gagnamengi og þjónustu og að þessum lýsigögnum sé haldið við.

2. Lýsigögn skulu innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

(a) Hvernig staðbundnu gagnamengin samræmast framkvæmdareglunum sem vísað er til í Grein 11(1);

(b) Notendarétt varðandi staðbundin gagnamengi og þjónustu;

(c) Gæði og gildi staðbundinna gagna;

(d) Opinber yfirvöld sem bera ábyrgð á að koma á fót, hafa stjórn á, viðhalda og dreifa staðbundnum gagnamengjum og staðbundinni gagnþjónustu;

(e) Staðbundinn gagnamengi sem opinber aðgangur er takmarkaður að í samræmi við Grein 19 og ástæðurnar fyrir slíkri takmörkun.

3. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að lýsigögn séu fullfrágengin og gæði þeirra mikil.

Grein 9

Aðildarríki skulu búa til lýsigögnin sem vísað er til í Grein 8 í samræmi við eftirfarandi tímasetningu:

(a) Miða við dagsetninguna [3 ár eftir að þessi Tilskipun verður gild] þegar um er að ræða staðbundin gagnamengi sem samsvara einu eða fleiri þeimum sem tiltekin eru í Viðaukum I og II;

(b) Miða við dagsetninguna [6 ár eftir að þessi Tilskipun verður gild] þegar um er að ræða staðbundinna gagnamengi sem samsvara einu eða fleiri þeimum sem tiltekin eru í Viðauka III.

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

- (a) Almennu kerfi einkvæmra heita fyrir staðhluti (spatial object);
- (b) Tengslum milli staðhluta;
- (c) Lykileigindum og samsvarandi fjöltungu orðasöfnum sem almennt þurfa að finnast í tengslum við yfirgripsmikla þemafíska stefnu;
- (d) Þeim máta hvernig skiptast skuli á upplýsingum um tímalegt umfang gagnanna;
- (e) Þeim máta sem á að hafa á varðandi það að skiptast á uppfærslum gagna.

3. Framkvæmdareglurnar skulu gerðar þannig úr garði að tryggður sé samrýmanleiki milli upplýsingaþátta sem vísa til sömu staðsetningar eða milli upplýsingaþátta sem vísa til sama hlutar sem settur er fram í ólíkum mælikvörðum.

4. Framkvæmdareglurnar skulu gerðar þannig úr garði að tryggt sé að upplýsingar sem koma úr mismunandi staðbundinUM gagnamengjum séu sambærilegar að því er varðar þætti sem vísað er til í Grein 12(2) og í 2. málsgrein þessarar Greinar.

Grein 14

Framkvæmdareglurnar samkvæmt Grein 11(1)(a) skal hafa þannig að þær fari samkvæmt eftirfarandi tímasetningu:

- (a) Miða við dagsetninguna [2 ár eftir að þessi Tilskipun verður gild] þegar um er að ræða staðbundin gagnamengi sem samsvara einu eða fleiri þemum sem tiltekin eru í Viðauka I;
- (b) Miða við dagsetninguna [5 ár eftir að þessi Tilskipun verður gild] þegar um er að ræða staðbundin gagnamengi sem samsvara einu eða fleiri þemum sem tiltekin eru í Viðauka II eða III.

Grein 15

Aðildarríki skulu tryggja að staðbundin gagnamengi sem safnað hefur verið eða uppfærð síðar en tveimur árum eftir að samsvarandi forskrift var tekin upp, sem tiltekin er í Grein 11(1)(a), verði samræmd samkvæmt þessari forskrift annað hvort með því að taka upp staðbundnu gagnamengin eða með því að varpa þeim.

Grein 16

1. Aðildarríki skulu tryggja að allar upplýsingar eða gögn, sem þurfa að falla að framkvæmdareglum sem tilteknar eru í Grein 11(1), séu aðgengileg opinberum yfirvöldum eða þriðju aðilum í samræmi við skilyrði sem leggja ekki hömlur á notkun þeirra í þessum tilgangi.

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

Þessa þjónustu alla skal vera auðvelt að nota og hún á að vera aðgengileg á Internetinu eða á annan þann viðeigandi fjarskiptamáta sem almenningur getur nálgast.

2. Að því er snertir þjónustu þá sem vísað er til í atriði (a) í 1. málsgrein skal, sem lágmark, vera hægt að nota eða komast að samfléttun sem tengist eftirfarandi leitarforsendum:

(a) Lykilorðum;

(b) Flokkun á staðbundnum gögnum og þjónustu;

(c) Gæðum og nákvæmni staðbundinna gagna;

(d) Nokkurri samkvæmni við samræmdar forskriftir sem tilteknar eru í Grein 11;

(e) Landfræðilegri staðsetningu;

(f) Skilyrðum sem eiga við aðgengi að og notkun á staðbundnum gagnamengjum og þjónustu;

(g) Opinberum yfirvöldum sem ábyrgð bera á tilurð, rekstri, viðhaldi og dreifingu staðbundinna gagnamengja og þjónustu.

3. Vörpunarþjónustan sem vísað er til í atriði (d) í 1. málsgrein skal tengjast við aðra þjónustu sem vísað er til í þeirri málsgrein á þann máta að þessi þjónusta geti öll virkað í samræmi við framkvæmdareglur sem tilteknar eru í Grein 11.

Grein 19

1. Með takmörkun á Grein 4(2) í Tilskipun 2003/4/EC og grein 18(1) í þessari Tilskipun, geta aðildarríki takmarkað almennan aðgang að þeirri þjónustu sem vísað er til í atriðum (b) til (e) í Grein 18(1), eða að rafeindavæddri viðskiptaþjónustu sem vísað er til í Grein 20(2), þar sem slíkur aðgangur myndi hafa slæm áhrif á eitthvað eftirfarandi:

(a) Trúnað varðandi framgangsmáta hjá opinberum yfirvöldum, þar sem lög kveða á um slíkan trúnað;

(b) Alþjóðleg samskipti, opinbert öryggi eða varnir lands;

(c) Framgang réttlætis og kost allra manna á að njóta óvilhallra réttarhalda eða möguleika opinbers yfirvalds á að láta fara fram rannsókn á sakamáli eða máli sem tengist hegðunarbroti;

(d) Trúnað varðandi viðskiptalegar upplýsingar eða iðnaðarupplýsingar þar sem kveðið er á um slíkan trúnað í landslögum eða lögum Evrópubandalagsins til þess að vernda

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

(b) Skyldur þær sem vísað er til í Grein 17(3).

Kafli V

Sameiginleg notkun gagna og endurnotkun

Grein 23

1. Aðildarríki skulu taka upp aðgerðir til þess að opinber yfirvöld geti sameiginlega notað staðbundinna gagnamengi og þjónustu. Þessar aðgerðir skulu gera opinberum yfirvöldum aðildarríkja og stofnunum og aðilum Evrópusambandsins kleift að fá aðgang að staðbundinna gagnamengjum og þjónustu og að skiptast á og nota þessi mengi og þessa þjónustu í opinberum verkefnum sem kunna að hafa bein eða óbein áhrif á umhverfið.

Aðgerðir þær sem tiltekna eru í fyrsta lið skulu fyrirbyggja, á notkunarstað, allar takmarkanir, sérlega þær sem eru viðskiptalegs, aðferðarlegs, lagalegs, stofnanalegs eða fjármálalegs eðlis.

2. Möguleiki á því að nota staðbundin gögn sameiginlega, eins og kemur fram í 1. málsgrein, skal vera opinn þeim aðilum eða stofnunum sem alþjóðlegt samkomulag er um og sem Evrópusambandið eða aðildarríki eru þátttakendur í, til þess að vinna verkefni sem kunna að hafa bein eða óbein áhrif á umhverfið

3. Aðildarríki skulu grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að koma í veg fyrir samkeppnisþjöggun í tilfalli þar sem opinber yfirvöld standa einnig í viðskiptalegri starfsemi sem óskyld er framkvæmd þeirra í tengslum við opinber verkefni, og skulu þessar ráðstafanir gerðar opinberar.

4. Stofnanir og aðilar í Evrópusambandinu skulu eiga aðgang að staðbundinna gagnamengjum og þjónustu auk þess sem tekið er til í 1. málsgrein. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við leið sem vísað er til í Grein 30(2), taka upp framkvæmdareglur sem stýra slíku aðgengi og tengdum notkunarrétti.

Grein 24

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við leið sem vísað er til í Grein 30(2), taka upp framkvæmdareglur til þess að auka möguleika þriðju aðila á endurnotkun staðbundinna gagnamengja og þjónusta. Þessar framkvæmdareglur gætu falið í sér að stofnað væri til almennra leyfisskilyrða.

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

Kafli VII

Lokaákvæði

Grein 28

1. Aðildarríki skulu fylgjast með framkvæmd á og notkun grunnstoða sinna varðandi landfræðilegar upplýsingar.
2. Eftirlit það sem tiltekið er í 1. málsgrein skal framkvæma í samræmi við framkvæmdareglur sem teknar voru upp af Framkvæmdastjórn í samræmi við leið þá sem nefnd er í Grein 30(2).
3. Upplýsingarnar, sem fást með eftirlitinu sem nefnt er í 1. málsgrein, skulu alltaf vera aðgengilegar fyrir Framkvæmdastjórnina.

Grein 29

1. Aðildarríki skulu skýra Framkvæmdastjórn frá framkvæmd þessarar Tilskipunar og frá reynslu þeirri sem hlýst af notkun hennar. Í skýrslunni skal vera:
 - (a) Lýsing á hvernig þeir sem veita og nota staðbundin gagnamengi og þjónustu í opinbera geiranum og milliaðilar eru samhæfðir, og á tengslum við þriðju aðila og hvernig skipulag er varðandi það að gæðin séu trygg;
 - (b) Lýsing á framlagi opinberra yfirvalda eða þriðju aðila til starfsemi og samhæfingar innra skipulagsins (infrastructure) fyrir landfræðilegar upplýsingar;
 - (c) Samantekt á því hvernig staðbundinna gagnamengi eru tiltæk og hver gæði þeirra eru, hvernig staðbundinna gagnþjónusta er tiltæk og hvernig hún virkar;
 - (d) Samantekt á upplýsingum varðandi notkun innra skipulag (infrastructure) fyrir landfræðilegar upplýsingar;
 - (e) Lýsing á samkomulagi milli opinberra yfirvalda að því er varðar það hvernig sameiginleg notkun er;
 - (f) Samantekt á kostnaði og kostum við að framkvæma þessa Tilskipun.
2. Skýrslan sem vísað er til í 1. málsgrein skal send Framkvæmdastjórn þriðja hvert ár og skal slíkt byrja [þremur árum efir gildistöku þessarar Tilskipunar].
3. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við leið þá sem vísað er til í Grein 30(2), taka upp reglur til að framkvæma það sem um getur í 1. málsgrein.

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

Þessari Tilskipun er beint að aðildarríkjunum.

Gert í Brussels,

*Fyrir Evrópuþingið
Forsetinn*

*Fyrir Evrópuráðið
Forsetinn*

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

Svæði tilnefnt eða stýrt og stjórnað til þess að ná fram tilteknum náttúruverndarmarkmiðum.

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

Jarðvegsgerð og jarðvegsgrunnur sem einkenndur er í samræmi við dýpt, innri gerð, uppbyggingu og magn af ögnum og lífrænu efni, steinmagni og, þar sem það á við, meðalhallatölu og áætlaðri vatnsgeymslugetu.

4. Jarðfræði

Jarðfræði sem er einkennd í samræmi við samsetningu og uppbyggingu. Hér er með talinn berggrunnur og landmótun.

5. Landnotkun

Landsvæði sem einkennt er í samræmi við hvernig það er og verður notað eða félagshagfræðilegan tilgang (t.d. fyrir búsetu, iðnað, viðskipti, landbúnað, skógrækt, afþreyingu).

6. Heilsa manna og öryggi

Landfræðileg dreifing m.t.t. sjúkdóma sem tengjast því beint (faraldrar, útbreiðsla sjúkdóma, heilsuáhrif vegna streitu af völdum umhverfis, loftmengun, efni, eyðing ósonlagsins, hávaði o.s.frv.) eða óbeint (matur, genabreyttar lífverur, streita o.s.frv.) hversu gott umhverfið telst vera.

7. Þjónusta stjórnvalda og aðstaða til að fylgjast með umhverfinu

Staðir sem tengjast þjónustu stjórnvalda, staðsetning sjúkrahúsa og læknameðstöðva, skólar, leikskólar o.s.frv. Hér er einnig um að ræða aðstöðu sem tengist fráveitum, úrgangi og orkuveitum, framleiðslusvæðum og aðstöðu til að fylgjast með umhverfinu sem rekin er af eða fyrir opinber yfirvöld.

8. Framleiðslu- og iðnaðaraðstaða

Svæði þar sem iðnaðarframleiðsla fer fram. Þar er með talin aðstaða fyrir úrnám vatns, námuvinnslu og geymslusvæði.

9. Aðstaða til landbúnaðarvinnslu og fiskeldis

Búnaður fyrir búskap og framleiðsluaðstaða (þar með talin áveitukerfi, gróðurhús og hesthús).

10. Dreifing fólksfjölda – Lýðfræði

Landfræðileg dreifing fólks hópuð í reitakerfi, svæði, stjórnunareiningu eða aðra greiningareind.

11. Svæðisstjórnun/takmörkun/skipulögð beltí & skýrslueindir

DRÖG af þýðingu úr ensku – ekki endanleg þýðing

19. Dreifing tegunda

Landfræðileg dreifing á viðvist dýra- eða plöntutegunda með tilliti til reitakerfis, svæðis, stjórnunareiningar eða annarrar greiningareiningar.



Góðir straumar í 40 ár

Alþingi
Erindi nr. P/32/1884
komudagur 27.4.2006

Nefndasvið Alþingis
berist umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10

26.04.2006


150 REYKJAVÍK

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál.

Með bréfi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 12. apríl 2006, sem barst Landsvirkjun 21. sama mánaðar, er óskað umsagnar Landsvirkjunar um ofangreint frumvarp.

Landsvirkjun gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst


Örygur Þórðarsson
lögfræðingur



Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið / Selma Hafliðadóttir
150 Reykjavík

Reykjavík 2. maí 2006

Efni: Frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð

Fjallað hefur verið um framangreint frumvarp innan stjórnar Landverndar. Stjórnin vill koma á framfæri tveim ábendingum til íhugunar. Annarsvegar um að grunnkort Landmælinga Íslands fái gildi sem lögformleg kort stjórnvalda til viðmiðunar og tilvísunar innan takmarka mælikvarða og nákvæmni þeirra. Hinsvegar um að afhending gagna skuli gerð á kostnaðarverði. Þá eru hér gerðar nokkrar tillögur um efnislegar breytingar og skilgreiningu á gildissviði laganna.

1. gr. *Markmið* hljóði svo:

„*Markmið laga þessara er stöðug tilvist staðfræðilegra og landfræðilegra upplýsinga um Ísland.*“

Markmið er *ávallt* staða eða ástand, sem stefnt er að, og er lýst með nafnorði. Notkun sagnorða í skilgreiningu eða lýsingu á markmiði á *ávallt* við aðgerðir þær, sem beita skal til að ná markmiðinu og eru þau orð því hvorki lýsing né skilgreining á markmiðinu sjálfu. M.v.i. ofanritað er lagt til að markmið frumvarpsins verið umorðað eins og gert er hér að ofan.

Gildissviðið er ekki skilgreint í frumvarpinu. Gildissvið gæti verið eitthvað á þessa leið:

2. gr. *Gildissvið*:

„*Lög þessi taka til Íslands alls, eyja og skerja, sem því tilheyra, allt að fjörumarki því, sem grunnkort af landi miðast við.*“

Fjörumark, „null-niveau“ þarf svo að skilgreina í núverandi 2. gr. sem yrði 3. grein eftir að ákvæði um gildissvið verður bætt inn í frumvarpið.

4. gr. (yrði 5. gr.) *Verkefni Landmælinga Íslands.*

Eftirtalдар breytingar gæti verið efnislega rétt að gera.

Aftan við texta 2. tl. bættist eftirfarandi við: *Ráðherra setur reglugerð um landshnitakerfi og hæðarkerfi, þar sem kveðið er á um nákvæmni mælinga, um þéttleika og staðsetningu stöðva, merkingu þeirra og verndun gegn spjöllum.*

4. tl. Út falli orðin „...í mælikvarðanum 1:50.000...“. Þess í stað komi orðin „...í tilteknum mælikvarða...“ Á eftir staflið g komi: *Ráðherra setur reglugerð um mælikvarða grunnkorta í byggð og óbyggð, m.a. um nákvæmni þeirra, þéttleika hæðarlína og önnur slík höfuðatriði kortaþekjanna. Landmælingar Íslands semja innan þess ramma norm um atriði á hverri tegund þekja, sem ráðherra staðfestir með nauðsynlegum breytingum, ef með þarf.*


Tryggja þarf að afhending gagna til almennings, fyrirtækja og stofnanna sé á kostnaðarverði. Þetta má gera með því að breyta 5. tl. 4. gr. frv. þannig að greinin yrði á þessa leið:

„ Að veita aðgang að gögnum sem stofnunin varðveitir í gagnasöfnum sínum á kostnaðarverði, sbr. 6. gr.“


Hér hefur orðunum „á kostnaðarverði“ verið bætt inn til þess að taka af allan vafa um að afhending gagna sé á kostnaðarverði.

Eftir 4. gr. frumvarpsins, sem yrði 5. gr. eftir að gildissvið hefur verið skilgreint, gæti komið ákvæðisgrein (6.gr) um að grunnkort Landmælinga Íslands séu opinber og lögformleg viðmiðunarkort stjórnvalda, hvað varðar staðsetningar og afmarkanir, litið til þeirra mælikvarða og nákvæmni, sem um ræðir, hverju sinni. Aðrar greinar myndu þá færast aftar í töluröð sem næmi nýrri 2. gr. og nýrri 6. gr.

Virðingarfyllst,



Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar



LÍSA, samtök um landupplýsingar á Íslandi

Reykjavík, 25. apríl 2006

Umhverfisnefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 12. apríl s.l. þar sem óskað er umsagnar LÍSU samþaka um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð, þskj. 978 — 668. mál.

Í frumvarpinu er hlutverk hins opinbera skýrar og betur afmarkað en áður og skýrar er kveðið á um hlutverk Landmælinga Íslands. Frumvarpið er að mati stjórnar LÍSU samþakanna, skref til framþróunar og aukinnar útbreiðslu landupplýsinga á Íslandi.

Þá er rétt að benda á að heiti samþakanna er ekki rétt, hvorki í bréfi umhverfisnefndar til samþakanna eða í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins, t.d. umfjöllun um 4. grein 3. lið. Rétt nafn samþakanna er LÍSA samtök um landupplýsingar á Íslandi.

Stjórn LÍSU gerir athugasemdir við frumvarpið í eftirtöldum greinum: Strikað er yfir texta sem er í frumvarpinu og kemur hann á eftir tillögu stjórnar LÍSU.

2. grein.

Stjórn LÍSU telur rétt að skilgreiningar séu í sem flestum tilfellum í samræmi við það sem fagaðilar eru að nota og hefur orðanefnd samþakanna unnið að skilgreiningum og þýðingum á helstu hugtökum tengdum landupplýsingum. Við viljum einnig benda á að skilgreiningar á hugtökunum "Landfræðileg gagnasöfn" og "Þekja" vísa í hvort annað, sem gæti valdið ruglingi. Stjórn LÍSU vill því koma á framfæri sinni útfærslu á þessum hugtökum þó að við höfum fullan skilning á því að í einstöku tilfellum þurfi að breyta út frá því til að ná anda laganna.

Grunnkort: Kortagögn, í flestum tilfellum stafræn, sem hægt er að nota í landfræðilegum upplýsingakerfum sem undirlag fyrir þemaupplýsingar. Grunnkort má einnig nota til að vinna afleidd kort til útgáfu, t.d. ferðakort og göngukort.

Staðfræðileg kortagögn sem notuð eru sem undirlag fyrir þemaupplýsingar sem unnið er með hvorju sinni, svo sem upplýsingar um gróður, skipulag eða jarðfræði. Grunnkort eru í flestum tilfellum stafræn gögn sem hægt er að nota í landfræðilegum upplýsingakerfum. Grunnkort má einnig nota til að vinna afleidd kort til útgáfu, t.d. ferðakort og göngukort.

Hæðarkerfi: Net eða kerfi fastra hæðarmælipunkta á yfirborði jarðar, t.d. málmbolta.

Net eða kerfi fastra hæðarmælipunkta, t.d. málmbolta, á yfirborði jarðar.

Landfræðileg gagnasöfn: Söfn upplýsinga sem yfirleitt eru geymd flokkuð á tölvutæku formi og hægt er að setja fram með margs konar hætti á korti. Upplýsingar í landfræðilegum gagnasöfnum eru flokkaðar eftir gerð í mismunandi þekjur. ~~Söfn landupplýsinga sem yfirleitt eru geymd flokkuð á tölvutæku formi og hægt er að setja fram með margs konar hætti á korti. Gögn eða upplýsingar í landfræðilegum gagnasöfnum eru flokkaðar eftir gerð í mismunandi þekjur.~~

Landshnitakerfi: Hnitakerfi sem nær til alls landsins, byggist á einu sameiginlegu viðmiði og mælistöðvum á yfirborði jarðar, t.d. málmboltum.

~~Hnitakerfi með viðmiðun sem nær til alls landsins og samanstendur af mælistöðvum á yfirborði jarðar, t.d. málmboltum.~~

Landupplýsingar: Hvers kyns upplýsingar um manngerð eða náttúruleg fyrirbæri sem hægt er að staðsetja við yfirborð jarðar, hvort heldur sem er með beinum hætti með landfræðilegum hnitum eða með óbeinum hætti með tilvísun í örnefni, heimilisföng o.fl. ~~Hvers kyns hnitsettar upplýsingar um fyrirbæri í umhverfinu, bæði náttúruleg og manngerð.~~

Viðmið: Lagt er til að notað sé hvorugkynsorðið viðmið í stað orðsins viðmiðun, en merkingin er óbreytt.

Þekja: Ákveðin gerð eða flokkur landupplýsinga sem mynda eina heild, t.d. vegabekja eða vatnafarsþekja.

~~Ákveðin gerð eða flokkur landupplýsinga sem mynda eina heild í landfræðilegu gagnasafni, t.d. vegabekja eða vatnafarsþekja.~~

Athugasemdir eru gerðar í þá veru að skýrt sé í lögum að LMÍ geti átt samstarf við innlend samtök, hagsmunaaðila og notendur þar sem við á.

Grein 4. 7. liður : Að eiga faglegt samstarf við háskóla, stofnanir, fyrirtæki, *og innlend sem erlend* og alþjóðleg samtök í samræmi við verkefni stofnunarinnar.

f.h. stjórnar LÍSU

Stefán Guðlaugsson
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 132/1759
komudagur 24. 4. 2006

Alþingi
b.t. Selmu Hafliðadóttur
150 Reykjavík

**Umsögn um þskj. 668.
Frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð.**

Reykjavík 24. Apríl 2006

Lofthmyndir ehf. fagna því að stigið sé skref í þá átt að draga Landmælingar Íslands (Lmí) af samkeppnismarkaði, þó of skammt sé gengið.

Eftirfarandi eru efnislegar athugasemdir Loftmynda ehf. við ofangreint frumvarp. Einungis eru gerðar athugasemdir við 4. greinina enda er hún hryggjarstykkið í frumvarpinu:

1. Reiknað er með að LMÍ verði umhverfisráðherra til ráðuneytis á sviði landupplýsingamála. Það er gott og gilt markmið en þá verður að tryggja að stofnunin stjórnist ekki af viðskiptalegum hagsmunum eins og verið hefur. LMÍ getur aldrei orðið óvillhallur ráðgjafi á meðan stofnunin er í harðri samkeppni á markaði. Hjá öðrum þjóðum eru háskólar láttnr sinna þessu hlutverki og hefur gefist vel.
2. Frumvarpið gerir ráð fyrir að LMÍ sjái um rekstur á grunnstöðva- og hæðarneti landsins. Það er mjög þarft verk og vonandi verður staðið vel að þeim málum í framtíðinni. Það er hinsvegar fjarri öllu lagi að til þessa þurfi heila stofnun. Um er að ræða verk sem á að bjóða út á almennum markaði. Innendar verkfræðistofur geta umnið þetta verk með sóma. Það þarf því einungis að hafa aðila til að sjá um útboð vegna þessa málaflokks og það getur innkaupastofnun annast með aðstoð fagaðila.
3. Gert er ráð fyrir að LMÍ sjái um staðlagerð á sviði landupplýsinga. Því er nú þannig varið að slíkir staðlar eru nú þegar gerðir af "hinum stóru" á þessum markaði. Sér íslenskir staðlar á sviði landupplýsinga eru því óþarfir. Markaður fyrir landupplýsingar er að færast yfir á Netið og þar er verið að koma upp stöðluðum samskiptaleiðum sem LMÍ hafa eingin áhrif á. Á það má einnig benda að hinar ýmsu fagstofnanir hins opinbera (Vegagerðin, Orkustofnun, Fasteignamat ríkisins, Náttúrufræðistofnun ofl.) staðla sín landfræðilegu gagnasöfn samkvæmt sínum verkferlum sem hafa ekkert með LMÍ að gera.
4. Stofnuninni er ætlað að halda uppi samkeppnisrekstri við öflun stafrænna gagna með þó tilgreindri hámarks nákvæmni (+/- 10 metrar). Þetta finnst okkur hjá Loftmyndum ehf. verulegur annmarki, á annars ágætu frumvarpi, enda er fyrirtæki okkar búið, á markaðslegum forsendum, að safna slíkum gögnum af öllu landinu á undanfórnum árum með um tífalt meiri nákvæmni en stefnt er að með þessu frumvarpi. Fyrir Samkeppniseftirlitinu liggur nú kæra frá Loftmyndum ehf. vegna þessa og er úrskurðar að vænta fljótlegra. Á meðan að þessu verður haldið áfram með þeim formerkjum sem verið hefur verður ekki eðlilegt ástand á þessum markaði hér á landi. Það er einfaldlega þannig að pappírskort (sjá ákvæði í frumvarpinu til bráðabirgða) eru ekki einu samkeppnisafurðirnar á þessum markaði. Með tilkomu tölvutækni og Netsins hefur þungamiðja þessa málaflokks færst yfir á stafræn gögn. Þar bitast fyrirtæki grimmt.

5. Að LMÍ sjái um skráningu og miðlum upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn er tímaskekkja. Í framtíðinni munu menn nota leitarvélur á netinu til þess að finna það sem í boði er af stafrænum upplýsingum auk þess sem að fyrsti vísir að opnu aðgengi (WMS/WFS) er að verða til hjá stofnunum hér á landi eins og Vegagerðinni og Skipulagsstofnun. Til fróðleiks má geta þess hér að KMS í Danmörku (sameinuð landmælingastofnun og fasteignamat) vinna nú að endurhögun á sínu gagnasafni og er þar alfaríð byggt á þessari nýju tækni.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því að Lmí séu einskonar “kaupfélag” fyrir innkaup á gervitunglamyndum af landinu eins og verið hefur. Þetta er mikið fagnaðarefni enda um almenna markaðsvöru að ræða sem hver og einn getur aflað sér ef á þarf að halda.

Lofthmyndir ehf. hafa haldið uppi málefnalegri gagnrýni á samkeppnisrekstur hins opinbera á þessu sviði undanfarin ár auk þess sem bent hefur verið á gríðarlega sóum á almannafé sem á sér stað í rekstri LMÍ. Meðal annars hefur verið bent á óhóflegan ferða og fundakostnað sem sagður er nauðsynlegur vegna “alþjóðasamstarfs”. Þörf fyrir slíkt samstarf er augljóslega ofmetin þar sem Ísland á ekki landamæri að öðrum löndum og getur því að mestu farið sínar eigin leiðir og nýtt sér án enduegjalds erlenda staðla á þessu sviði. Þrátt fyrir um 200 milljón króna framlög af almannafé hafa LMÍ farið halloka í samkeppni við einkaaðila á undanföllum misserum enda gögn stofnunarinnar gömul og þeim illa við haldið.

Fyrirliggjandi frumvarp er virðingarverð tilraun til að koma böndum á annars að mestu óhefta opinbera starfsemi þar sem ráðdeild og hagkvæmni hefur mátt víkja fyrir ofhlaðinni yfirbyggingu og haft hefur verið að leiðarljósi síðustu ár að hampa því sem best hljómar í trausi þess að almenningur geti ekki kynnt sér málin en treysti því að “opinberar tæknistofnanir” hafi fagleg sjónarmið að leiðarljósi. Lofthmyndir ehf. hefðu því talið að eðlilegast hefði verið að nota nú tækifærið og ganga enn lengra og breyta LMÍ úr því að vera “framleiðslu fyrirtæki” í það að vera hrein stjórnsýslustofnun. Þannig hefði mátt ná góðum sáttum á þessum markaði. Það virðist hinsvegar vera svo að nefndin sem vann að frumvarpinu hafi ekki talið að lengra yrði komist að þessu sinni. Lofthmyndir ehf. verða að treysta því að það sé rétt mat.

f.h. Lofthmynda ehf.



Örn Arnar Ingólfsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1885
komudagur 27.4.2006

Umhverfisnefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. apríl 2006
2006040010/42-1
JGO/

Landmælingar og grunnkortagerð - umsögn um frumvarp til laga, 668. mál

Vísað er til bréfs Umhverfisnefndar Alþingis dags. 12. apríl sl. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál.

Náttúrufræðistofnun mælir eindregið með samþykkt þessa frumvarps, sem koma skal í stað gildandi laga um landmælingar og kortagerð (nr. 95/1997). Mikil og hröð þróun hefur orðið á sviði landmælinga, grunnkortagerðar og öflunar og framsetningu landfræðilegra upplýsinga á undanförunum árum, sem hefur haft í för með sér breytta hlutverka- og verkaskiptingu opinberra stofnana á þessu sviði og aðkomu einkaaðila. Nauðsynlegt var því orðið að endurskoða starfsemi Landmælinga Íslands, skilgreina verkefni hennar upp á nýtt, skýra þau og einfalda. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að vel hafi til tekist með þessu frumvarpi og mælir stofnunin því með samþykkt þess.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 132/1837
komudagur 26. 4 2006
132/1837



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Alþingi - Umhverfisstofnun Alþingis
Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. apríl 2006
Tilvísun: 2006040032
Bréfalykill: 50.13
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál, heildarlög.


Orkustofnun hefur borist erindi umhverfisstofndar Alþingis frá 12. apríl 2006, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál.

Orkustofnun telur að með frumvarpinu sé stigið skref í rétta átt, þar sem leitast er við að draga Landmælingar Íslands út úr samkeppnisrekstri á almennum markaði, jafnframt því sem mikilvægum grunnverkefnum sé sinnt, svo sem grunnstöðvaneti; grunnhnitakerfi; stöðlum á sviði landupplýsinga; stafrænum kortagrunni með grunnupplýsingum um vatnafar, hæð og eðli yfirborðs, örnefni, vegi og önnur mannvirki svo og um stjórnsýslumörk; auk lýsigagnagrunns. Stofnunin telur það sérstaklega mikilvægt fyrir eðlilega þróun upplýsingasamfélagsins, að m.a. framangreindum grunnverkefnum sé vel sinnt af hálfu ríkisins og að hindrunum í vegi miðlunar á gögnum í eigu þess til fjölbættra almannaþota sé rutt úr vegi eins og kostur er. Að öðru leyti vill Orkustofnun gera eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:


4. gr.: Orkustofnun vill áréttta það álit sitt, sem fram kom í umsögn stofnunarinnar frá 17. desember 1997 um frumvarp að núgildandi lögum nr. 95/1997 um landmælingar og kortagerð, að mikilvægt er að haldið sé saman þeim fjarkönnunargögnum, sem til verða af landinu. Stofnunin telur rétt að tilgreina þetta hlutverk sérstaklega sem verkefni Landmælinga Íslands. Einnig telur Orkustofnun rétt að tilgreina sem verkefni Landmælinga Íslands sögulegt hlutverk þeirra, að því er varðar skrásetningu á heimildum um breytingar á landi og landnotkun, eins og þær koma fram í þekjum í mælikvarða allt að 1:50 000.

7. gr.: Orkustofnun lýsir ánægju með þá áherslubreytingu sem fram kemur í þessari grein frumvarpsins í átt til fjármögnunar Landmælinga Íslands úr ríkissjóði, og telur að þar með verði meiri líkur á að upplýsingar í eigu ríkisins séu nýttar í almannabágu öllum til hagsbóta. Fleiri skref í sömu átt eru þó æskileg í þágu upplýsingasamfélagsins, þannig að þessi opinberu gögn verði aðeins afhent gegn kostnaði við fjölföldun og afhendingu þeirra. Ákvarðanir um slíkt munu e.t.v. bíða almennrar lagasetningar um meðferð og afhendingu á gögnum í eigu ríkisins.

Virðingarfyllst


Þorkell Helgason
orkumálastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 132/1820
komudagur 25.4.2006



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10


150 REYKJAVÍK

25.04.2006

Efni. Umsögn SA um frumvarp um landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að Landmælingar Íslands dragi sig út úr samkeppnisrekstri en tryggji að ákveðnum grunnverkefnum sé sinnt og að einkafyrirtæki geti komið að vinnu við slík verkefni. Þessari stefnumörkun er fagnað og lýsa Samtök atvinnulífsins yfir stuðningi við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík


Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Vefang:
www.sa.is





SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Selma Hafliðadóttir
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1886
komudagur 27.4.2006

Kópavogi, 26.04.2006


Tilv. 023

BG

Efni: Frumvarp til laga um landmælingar og kortagerð.

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs umhverfisnefndar, dags. 12. apríl s. l., þar sem ofangreint frumvarp er sent til umsagnar stofnunarinnar. Af þessu tilefni skal tekið fram að Siglingastofnun gerir ekki athugasemdir við efni hins framkomna frumvarps.

Siglingastofnunar Íslands


Hermann Guðjónsson
Siglingamálastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 132/1937
komudagur 28.4.2006

Nefndasvið Alþingis
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2006
Tilvísun: 2006040025/90.12
ER/BH
12.04.2006


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál, heildarlög.

Með bréfi dags. 12. apríl 2006 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint málefni.

Ekki þykir ástæða til að gera neinar sérstakar athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu er einkum verið að koma í veg fyrir árekstra á milli opinberrar stofnunar og fyrirtækja (einkaaðila) sem framleitt geta samkeppnisfær kortagögn bæði hvað varðar gæði og verð, sem Vegagerðin telur eðlilegt. Það mætti hinsvegar skilgreina hlutverk (verkefni) Landmælinga Íslands öllu nánar, en það væri hægt að gera með reglugerð samkvæmt 9.gr.

Virðingarfyllt


Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri



Reykjavík 25. janúar 2006

Alþingi
Erindi nr. P 132/1838
komudagur. 26.4.2006

Umhverfisnefnd Alþingis
B.t. Selmu Hafliðadóttur
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Umsögn um: Frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands, VFÍ, þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til að gefa umsögn um frumvarp að lögum um landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál.

Stjórn VFÍ styður framkomið frumvarp og telur það skref í rétta átt.

Í 3. gr. er fjallað um forstjóra Landmælinga Íslands og aðeins gerð krafa um háskólamenntun og reynslu af stjórnun. Stjórn VFÍ telur að gera verði kröfum til að minnsta kosti MS gráðu á sérsviði því sem stofnunin vinnur á og stjórnunarreynslu, ekki síst þar sem verið er að draga úr almennri starfsemi og þar með auka hlut sérfræðiþjónustunnar.

Virðingarfyllst,

Logi Kristjánsson, framkvæmdastjóri VFÍ



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. P 132/1821
komudagur 25.4.2006

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2006.

Efni: Frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð (668. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem endurskilgreinir og þrengir hlutverk hins opinbera í landmælingum og kortagerð frá gildandi lögum.

Starfsemi ýmissa einkafyrirtækja, svo sem Loftmynda ehf. og verkfræðistofunnar Hnits ganga m.a. út á að kortleggja landslag Íslands. Starfsemi Landmælinga er því að miklu leyti á því sviði sem þessi fyrirtæki sinna. Í október síðastliðnum gerðu Loftmyndir ríkissjóði tilboð um að taka yfir rekstri Landmælinga gegn greiðslu 100 milljóna króna á ári næstu 5 árin. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 kostar 226 milljónir króna að reka stofnunina. Hér er því um kostaboð að ræða fyrir íslenska skattgreiðendur.

Rétt er að byrja á því að fagna hverju því sviði þar sem hið opinbera dregur sig úr samkeppnisrekstri. Í þessu tilfalli er hið opinbera að draga sig út úr prentun, heildsölu og smásöludreifingu á kortum á pappírssniði sem gjarnan eru seld á bensinstöðvum og ferðamiðstöðvum. Betur færi ef hið opinbera væri jafnframt að draga sig út úr söfnun gagna, kortagerð ásamt heildsölu og smásölu á stafrænum gögnum. Ef hinsvegar er talið að einkaaðilar muni ekki sjá sér hag í því að sinna tiltekinni starfsemi sem talið er nauðsynlegt að sinnt sé, er eðlilegt að slík starfsemi sé boðin út. Þannig er óþarft að halda úti sérstakri stofnun til að sinna þessum verkefnum.

Ekki verður ráðið af greinargerð eða umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem er fylgiskjal með frumvarpinu að til standi að draga saman seglin í rekstri stofnunarinnar, til dæmis með fækkun starfsmanna. Vekur það furðu, einkum í ljósi þess að verði er að fækka verkefnum stofnunarinnar.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði samþykkt en að í framhaldinu verði hugað að því að bjóða út önnur verkefni Landmælinga með það fyrir augum að leggja stofnunina niður.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


Davíð Þorláksson

Umhverfisnefnd Alþingis

Mál: Athugasemdir við frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Þingskjal 978 – 668. mál.

Undirritaður vill gera athugasemd við texta í 4. grein laganna, liði 5, 6 og 7, sem standa þannig í frumvarpinu:

4. gr. *Verkefni Landmælinga Íslands.*

Verkefni Landmælinga Íslands samkvæmt lögum þessum eru:

.....

5. Að veita aðgang að gögnum sem stofnunin varðveitir í gagnasöfnum sínum, sbr. 6. gr.
6. Skráning og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi.
7. Að eiga faglegt samstarf við háskóla, stofnanir, fyrirtæki og alþjóðleg samtök í samræmi við verkefni stofnunarinnar.

Lagt er til að liðir 5 og 6 verði sameinaðir í einn og felld út “af Íslandi”. Inn í lið 7 verði bætt orðinu “söfn”. Greinarnar gætu þá til dæmis orðast á eftirfarandi hátt:

5. Að skrá og miðla upplýsingum um landfræðileg gögn sem stofnunin varðveitir í gagnasöfnum sínum og veita aðgang að þeim, sbr. 6. gr.

6. Að eiga faglegt samstarf við háskóla, stofnanir, fyrirtæki, söfn og alþjóðleg samtök í samræmi við verkefni stofnunarinnar.

Skýringar

Á kynningarfundum LÍSU (Samtaka um landupplýsingar á Íslandi) þann 25. apríl síðastliðinn voru félagar í samtökunum hvattir til þess að kynna sér umrætt lagafrumvarp og senda inn athugasemdir, en samkvæmt vefsíðu Alþingis rann umsagnarfrestur um frumvarpið út þann sama dag. Vonast er þó til að þetta erindi nái að skoðast með öðrum athugasemdum.

Ekki verður séð á vefsíðu Alþingis að stóru varðveislusöfnin (Landsbókasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands) sem hafa lagaskyldu á sviðum sem tengjast meðal annars varðveislu gagna hjá Landmælingum Íslands, hafi verið beðin um umsögn varðandi frumvarpið.

Samkvæmt upplýsingum fulltrúa úr undirbúningsnefnd frumvarpsins á áðurnefndum kynningarfundum, er frumvarpið einhvers konar málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða fyrst og fremst um það hvert eigi að vera hlutverk hins opinbera og annarra á sviði landmælinga og grunnkortagerðar. Á fundinum kom jafnframt fram það sjónarmið fundarmanns að ekki sé í lagatextanum tekið heildstætt á þessum mikilvæga málaflokki, heldur sé aðeins verið að lagfæra eldri lagatexta sem nú er í gildi.

Á sama hátt og verið er að finna markalínu milli verkefna stofnunarinnar Landmælinga Íslands og annarra, fyrst og fremst einkamarkaðarins, er mikilvægt að skoða jafnframt markalínu sem tengist varðveisluhlutverki stofnunarinnar á ýmsum gögnum og miklum menningarverðmætum sem hún geymir og þarf þar að taka tillit til áðurnefndra þriggja safna sem hafa lagaskyldu á þessu sviði hér á landi. Slíkt er þó væntanlega of stórt mál á þessu stigi,

enda frumvarpið máламиðlun ólíkra sjónarmiða og meira hugsað út frá öðrum þáttum starfseminnar.

Þess vegna er mikilvægt að koma því inn í lagatextann að stofnunin eigi jafnframt að hafa faglegt samstarf við söfn sem og aðra aðila. Orðalagið “Skráning og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi” tengist væntanlega einkum verkefni sem LÍSU samtökin og Landmælingar Íslands hafa haft samstarf um, en það er lýsigagnavefsíðan “Landlýsing” www.lmi.is/landlysing. Á þessari vefsíðu eru nú birt lýsigögn (gögn sem lýsa öðrum gögnum) fyrir 132 stafræn gagnasöfn 24 stofnana, sveitarfélaga og fyrirtækja á Íslandi sem eiga aðild að LÍSU samtökunum. Ég tel að ekki eigi að binda í lög að Landmælingar Íslands eigi að sjá um skráningu og miðlun upplýsinga um gögn annarra stofnana, sveitarfélaga og fyrirtækja. Landmælingar Íslands geta vel átt farsælt samstarf um slík verkefni án þess að það sé bundið í lagatexta. Ef gera þyrfti breytingar síðar á þessu sviði væri auðveldara að færa verkefni til, enda geta fleiri aðilar í samfélaginu haldið utan um slík verkefni efnislega og séð um rekstur þeirra.

Virðingarfyllt

Þorvaldur Bragason, landfræðingur

Undirritaður starfaði samfellt hjá Landmælingum Íslands á tímabilinu 1980-2005, fyrst sem sérfræðingur, þá deildarstjóri fjarkönnunardeildar í rúman áratug og síðasta áratuginn sem sviðsstjóri upplýsinga- og markaðssviðs stofnunarinnar. Hann starfar nú sjálfstætt samhliða meistaranámi við Háskóla Íslands og vinnur þar að verkefni um upplýsingaaðgengi (miðlun og varðveislu) landfræðilegra gagnasafna. Hann er jafnframt formaður fagráðs fyrir lýsigagnaverkefnið Landlýsingu og hefur verið það frá upphafi verkefnisins.



Alþingi
Erindi nr. P/32/1952
komudagur 2.5.2006

Svavar Sigmundsson, forstöðumaður Örnefnastofnunar Íslands.
28. apríl 2006
Þskj. 978 – 668. mál.

Athugasemdir við **Frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð.**

1. gr. Markmið

Almennt má segja að markmið frumvarpsins um að tryggja verði, að ávallt séu til staðfræðilegar grunnupplýsingar um Ísland, sé gott og gilt. Mikið skortir á að grunnupplýsingar um örnefni sérstaklega séu fyrir hendi, þ.e. nákvæmar staðsetningar, þar sem skortur hefur verið á grunnkortum í nógu nákvæmum mælikvarða til þess að hægt væri að staðsetja þau. Ef ætlun stjórnvalda er að leggja fé til vinnslu slíkra korta sem duga við örnefnaskráningu (1:10.000) svo að markmiði þessara laga sé fullnægt er það vel.

2. gr. Skilgreiningar

Í greinina vantar skilgreiningu á örnefni, sbr. 4. gr. Eftirfarandi skilgreining hefur verið samin að tilhlutan Landmælinga Íslands (LMÍ):

Örnefni er nafn á landfræðilegum punkti, línu eða svæði sem hægt er að setja á landakort. Það er orð eða orðasamband sem innan ákveðins samfélags vísar til eins ákveðins staðar. Það getur verið nafn á landi, héraði, sveitabæ, þéttbýlisstað, húsi, götu, torgi, vegi, fjalli, dal, á, stöðuvatni, firði o.s.frv. Hlutverk örnefnis er að auðkenna ákveðinn stað á landi eða sjó. Danska: Stednavn. Enska: Place-name.

4. gr. Verkefni Landmælinga Íslands

Í 4. lið er LMÍ falin gerð, viðhald og miðlun á stafrænni þekju um örnefni “í samráði við Örnefnastofnun Íslands”. Það skal tekið fram að fyrir alþingi liggur frumvarp um að sú stofnun verði lögð niður 1. september 2006 en starfsemi hennar verði hluti af nýrri háskólastofnun, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Það er því komið undir stjórn og forstöðumanni hinnar nýju stofnunar hvernig staðið verður að örnefnamálum gagnvart grunnkortagerð. Örnefnastofnun Íslands og LMÍ gerðu með sér samstarfssamning um örnefnamál 12. september 2001 sem enn er í gildi. Skv. samningnum vilja þessir aðilar “vinna sameiginlega að því markmiði að til verði einhlít og áreiðanleg skrá um íslensk örnefni er nýtist öllu samfélaginu og að örnefni á kortum séu birt með sem réttustum hætti. Sérstök áhersla verður lögð á að samræmis verði gætt í því hvernig örnefni eru skráð og hvernig gögnum er miðlað á milli þeirra og til samfélagsins.” (2. gr.).

Í athugasemdum við 4. tölulið frumvarpsins stendur um grunnkortin í mælikvarðanum 1:50.000: “Gögnin nýtast hins vegar að öllu jöfnu ekki fyrir stærri mælikvarða, t.d.

1:10.000.” Það er miður að Landmælingar Íslands skuli ekki setja markið hærra. Stefna ber að því að vinnugrunnkort fyrir landið allt verði til í mælikvarða 1:10.000 eða a.m.k. í mælikvarða 1:25.000. Þetta ætti ekki að vera óraunhæft markmið á næstu árum vegna stöðugt bættrar tækni, m.a. á sviði loft- og gervihnattamynda. GPS-tæki í farartækjum krefjast auk þess stöðugt meiri nákvæmni, sem ekki er nægileg í 1:50.000. Sá mælikvarði er heldur ekki fullnægjandi fyrir skipulagsvinnu hvers konar.

Þessi stefna gerir það að verkum að áfram þurfa þeir sem vinna að örnefnasöfnun að greiða gjald fyrir vinnslu grunnagna frá Landmælingum Íslands til þess að þau verði nothæf í þessum tilgangi. Eðlilegt væri að gögn af þessu tagi væru aðgengileg öðrum ríkistofnunum án endurgjalds.

6. gr. Miðlun upplýsinga og afnotaréttur

Í greininni segir: “Heimilt er að veita afnotarétt af öllum upplýsingum á sviði landmælinga og kortagerðar sem getið er í 1. mgr. og eru í vörslu Landmælinga Íslands að því tilskildu að uppruna sé getið og að áreiðanleiki upplýsinga sé tryggður.” Örnefnastofnun hefur reynslu af því að upplýsingar á hennar sviði sem Landmælingar Íslands hafa veitt afnotarétt af, hafa ekki verið eins áreiðanleg og æskilegt væri, t.d. Íslandsatlas Eddu-útgáfu. Örnefni á þeim kortum voru ekki borin undir Örnefnastofnun sérstaklega. Það leiðir hugann að því hvernig áreiðanleiki örnefna verður tryggður á kortum sem einkaaðilar munu gefa út í framtíðinni. Á því er ekki tekið í þessu frumvarpi.

Stavaf Sigmondsson